

7. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar þriðjudaginn 7. október 2010, kl. 15:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Málefni HSB**
 - 2. Girðingar í Langadal**
 - 3. Endurskipulagning almannavarna Húnavatnssýslna**
 - 4. Bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dags. 28. september 2010.**
 - 5. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

1. Málefni HSB

Bæjarráð bókar eftirfarandi:

Bæjarráð Blönduóssbæjar mótmælir harðlega þeim niðurskurði sem settar eru á Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi og birtist í fjárlagafrumvarpi 2011. Heilbrigðisstofnunin hefur á undanegnum árum þurft að sæta miklum niðurskurði og er nú svo komið að vegið er að grunnþjónustu og velferð íbúa í Austur-Húnavatnssýslu. Jafnframt mun öryggi ferðamanna sem fer um hálendið og þjóðveg 1 vera teflt í tvísýnu. Gangi þessar tillögur eftir er samanlagður niðurskurður síðustu þriggja ára tæp 40%. Bæjarráð ítrekar boð sitt um að koma að vinnu við hagræðingu og samvinnu heilbrigðisstofnanna á Norðurlandi vestra en mótmælir niðurlagningu á starfssemi á landsbyggðinni sem eru í tillögum að fjárlögum næsta árs.

2. Girðingar í Langadal

Þann 6. október sl., átti bæjarráð fund með tveimur landeigendum í Langadal þar sem bæjarráði var kynnt ástand girðinga í Langadal meðfram þjóðvegi 1. Ljóst er að viðhaldi girðinga er sumstaðar ábótavant með tilheyrandi hættu fyrir skepnur og vegfarendur.

Bæjarráð óskar eftir fundi með landbúnaðarnefnd til að fjalla um málið.

3. Endurskipulagning almannavarna Húnavatnssýslna

Fyrir fundinum lá bréf Bjarna Stefánssonar sýslumanns þar sem fjallað er um endurskipulagningu almannavarna Húnavatnssýslna. Með bréfinu fylgdu sem viðhengi drög að:

- *Skipuriti almannavarna Húnavatnssýslna*
- *Greinargerð með skipulaginu*
- *Áhættuskoðun/áhættumati í Húnavatnssýslum.*

Í bréfinu gerir sýslumaður að tillögu sinni að heiti almannavarna verði breytt þannig að Almanna- og Sveitarnefnd Húnaþings/Almanna- og Sveitarnefndir Húnaþings komi í stað Almanna- og Sveitarnefnd Húnavatnssýslna.

Bæjarráð ræddi fyrirliggjandi drög að almanna- og sveitarnefndum og drög að samkomulagi um skipan almanna- og sveitarnefndar, aðgerðarstjórnar og vettvangsstjórnar í almanna- og sveitarnefndum Húnavatnssýslna og samþykkti skipulagið fyrir sitt leyti. Sömuleiðis gerði bæjarráð ekki athugasemd við að nafnbreyting verði gerð á almanna- og sveitarnefndum skv. tillögu sýslumanns.

4. Bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dags. 28. september 2010.

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður haldinn föstudaginn 15. október n.k Bæjarráð felur bæjarstjóra að mæta á fundinn.

5. Önnur mál

a) Umsögn vegna leyfis samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitinga- og gististaði

Bæjarráði hefur borist bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi þar sem óskað er eftir umsögn vegna leyfa á grundvelli laga um veitinga- og gististaði nr. 85/2007 varðandi Gistiheimilisins Kiljunnar ehf. kt., 540409-0640. Sótt er um leyfi til að reka krá/bar í flokki III yfir veitingastaði.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti erindið en vill þó takmarka opnunartíma Gistiheimilisins Kiljunnar ehf. á virkum dögum við 23:30.

b) Fyrirspurn frá Zophoníasi Ara Lárussyni

Óskað er eftir fyrir upplýsingum um vanskil við Blönduósbæ, hvort að þau hafi aukist á þessu ári í samanburði við síðustu ár. Einnig er óskað eftir upplýsingum um kostnað vegna aðkeyptrar innheimtuþjónustu fyrir sama tímabil.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 16:55

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)